

Mál nr. 427/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Búfjártryggingar

Ekið á kú og skemmdir á bifreið þ.19.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags.29.10.2012

Málsatvik.

M ók bifreið sinni á kú á Svarfaðardalsvegi og þurfti að aflífa kúna. Eigandi kýrinnar sagðist hafa verið að rekja kúr sínar heim til mjalta af beitilandi sem var austan við veginn og það hefði hann gert um fjölda ára með sama hætti og ekkert komið fyrir. M sagðist hafa ekið norður Svarfaðardalsveg á um 80 km. hraða og þegar hann hafi nálgast nafngreindan bæ hafi hann séð að verið var að reka kúr yfir veginn og heim að bænum og hafi flestar kýrnar verið komnar yfir, en hann hefði tekið eftir 5 kúm austan við veginn og þegar hann síðan kom að heimreið umrædds bæjar hafi hann allt í einu séð kú fyrir framan bifreiðina og bifreið sín lent á henni og skemmst. Engin hemlaför voru á vettvangi. M krefst bóta vegna skemmda á bifreiðinni og byggir á því að ekki hafi verið farið eftir samþykkt um búfjárhald í Dalvíkurbyggð nr. 799/2003. Þá vísar M til 2. og 3.mgr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá telur M að ekki hafi verið staðið rétt að rekstri kúnna í umrætt sinn. Loks gerir M athugasemdir við lögregluskýrslu. V hafnar bótaskyldu og segir að málið snúist ekki um lausagöngu búfjár þar sem verið var að reka kýrnar yfir þjóðveginn þá hafnar V því að lögregluskýrsla sé röng. V bendir á að þjóðvegurinn liggja þvert í gegn um land bæjarins sem um ræðir og hafi kýrnar verið á beit austan við þjóðveginn, en húsfreyjan á bænum verið að ná í þær til mjalta og rekið þær yfir veginn eins og gert hafi verið í mörg ár. Þá telur V að umferðaróhappið megi rekja til M sjálfs sem hafi séð reksturinn og kúr sem voru austan við veginn en samt ekið á fyrrgreindum hraða og lent með vinstra framhornið á afturhluta kunnar sem M ók á. Þá bendir V á að M sé staðkunnugur. Þá telur V að þó svo að niðurstaðan verði sú að um saknæma háttsemi vátryggingartaka sé að ræða, beri að fella bætur til M niður vegna eigna sakar.

Álit.

M lýsir því að hann hafi séð að verið var að reka kýrnar yfir veginn þegar hann nálgæðist umræddan bæ og bar þá að aka með sérstakri varúð, sem M gerði ekki. M hefur ekki sýnt fram á að illa hafi verið staðið að rekstri kúnna yfir veginn þannig að leiddi til sakar vátryggingartaka. Þegar af ofangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr búfjártryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr búfjártryggingu hjá V.

Reykjavík 20.10.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.